

Helstu niðurstöður aðalfundar Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2018

Aðalfundur Sjóvár var haldinn 15. mars í Kringlunni 5, Reykjavík.

- Ársreikningur vegna ársins 2017 var samþykktur.
- Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um arðgreiðslu sem nemur kr. 1,05 á hlut fyrir rekstrarárið 2017 eða um 1.500 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 15. mars 2018 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 19. mars 2018, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 16. mars 2018 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 28. mars 2018.
- Tillaga um starfskjarastefnu var samþykkt.
- Tillögur stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin bréfum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins voru samþykktar.
- Stjórn félagsins var endurkjörin en hana skipa:

Erna Gísladóttir	kt. 050568-2969
Heimir V. Haraldsson	kt. 220455-5999
Hjördís E. Harðardóttir	kt. 180464-5819
Ingi Jóhann Guðmundsson	kt. 120169-5729
Tómas Kristjánsson	kt. 151165-3389

Stjórn hefur þegar komið saman og skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Erna Gísladóttir og varaformaður Tómas Kristjánsson.

Eftirtalin voru endurkjörin varamenn í stjórn:

Garðar Gíslason	kt. 191066-5539
Kristín Egilsdóttir	kt. 030268-5989

- KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag félagsins.
- Tillaga um þóknun stjórnar félagsins var samþykkt. Laun stjórnarmanna verða 350.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns tvöföld sú fjárhæð. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 350.000 kr. í upphafi starfsárs og að auki 120.000 kr. fyrir hvern fund sem hann situr.
- Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt.
- Eftirfarandi ályktunartillaga Gildis-lífeyrissjóðs varðandi tilnefningarnefnd var samþykkt:
„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum avinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Nánari upplýsingar veitir: Sigríður Vala Halldórsdóttir, fjárfestatengill, s. 440-2000 fjarfestar@sjova.is